

Arctic Sea Farm hf.
Aðalstræti 20
400 Ísafjörður

Reykjavík, 5. júlí 2019
UST201901-284/H.S.J.
08.12.02

Efni: Reglubundið eftirlit, 04.06.2019, hjá Arctic Sea Farm, Dýrafirði.

Þann 4. júní sl. fór fram eftirlit í Arctic Sea Farm, Dýrafirði vegna 4000 tonna starfsleyfis rekstraraðila. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Engin frávik komu fram við eftirlit en þrjár athugasemdir voru gerðar.

Virðingarfyllst


Hulda S. Jónasdóttir
Hulda Soffía Jónasdóttir
sérfræðingur


Halla Einarsson
Halla Einarsdóttir
teymisstjóri

Afrit í tölvupósti: Heilbrigðisnefnd Vestfjarða

Eftirlit með fiskeldisstöð

Kvíældi

Eftirlit með fiskeldisstöð - Gátlisti

Nafn rekstraraðila:	Dags. eftirlits:	Staðsettning stöðvar:	Brottfallinn starfsleyfisflokkur:
Arctic Sea Farm	4.6.19	Dýrafirði	2

Kennitala rekstraraðila:	Gildistimi starfsleyfis:	Kvittun afhend:	Gerð stöðvar:
700807-0450	22.11.33	Já	Sjókvíældi, allt að 4000 tonnum af laxi.

Starfssemi	Já / Í lagi	Nei / Ekki í lagi	Á ekki við	Athugasemdir:
Er umfang í samræmi við starfsleyfi?	X			Engu var slátrað árið 2018. Þegar eftirlitið fór fram var framleiðsla það sem af var ári um 1000 tonn úr Gemlufalli.
Breytingar á starfsemi frá síðasta eftirliti? Áætlaðar breytingar?	X			Nýr fóðurprammi er kominn við Eyrarhlíð.
Er innra eftirlit og skráningar í samræmi við starfsleyfi (sjá grein 3.1. í starfsleyfi).	X			Skráningar í Fishtalk.
Ársskýrsla/samantekt skilað fyrir 1. maí?	X			Skilað 16.4.19
Grænu bókhaldi og útstremmisbókhaldi skilað fyrir 1. maí?	X			Grænu bókhaldi var skilað 24.4.19 og útstremmisbókhaldi skilað 16.4.19
Er áhættumat og uppfærðar viðbragðsáætlunar aðgengilegar á staðnum? (viðbragðsáætlun vegna bráðmengunar, viðbragðsáætlun vegna tímabundinnar og ótímabundinnar rekstrarstöðvunar)	X			Í lagi, en senda þarf eftirlitsaðila áhættumatið.
Samráðsfundur? Næsti fundur boðaður?	X			Fundur var haldinn 4.6.19. Mættir voru fulltrúar ASF, vöktunaraðila, UST og heilbrigðiseftirlits.
Er trygging vegna bráðmengunar í gildi?	X			Skilað inn.

Eftirlit með fiskeldisstöð

Kvíaeldi

Er neyðaráætlun til staðar?	X			Í lagi.
-----------------------------	---	--	--	---------

Umhverfi	Já / Í lagi	Nei / Ekki í lagi	Á ekki við	Athugasemdir:
Umhverfismarkmið og umhverfisstjórnunarkerfi?	X			Umhverfismarkmiðum hefur verið skilað og eldið í Dýrafirði er með ASC vottun.
Stýring á fóðurgjöf þannig að úrgangsmynndun sé í lágmarki?	X			Nýr fóðurprammi er við Eyrarhlíð en við Gemlufall er enn fóðrað með byssu. Myndavélar svo hægt er að fylgjast með fóðruninni.
Er skráning á losun fósfórs og köfnunarefnis? Eru losunarmörk virt?	X			Skráð í grænu bókhald og útstreymisbókhaldi. Hefur ekki verið mælt.
Mælingar eða útreikningar? Síðustu mælingar?				
Hvernig er fylgst með uppsöfnun fóðurleifa – þarf að fylgjast með? Er mikið af þörungablóma eða fugli í nágrenninu?	X			Botnsýni. Myndavélar við fóðrun. Enginn fugl né þörungablómi sjáanlegur.
Er staðsetning kvía skv. starfsleyfi?	X			
Hver er fjöldi kvíá, stærð þeirra og áætlað magn og stærð fiskjar?	X			Eyrarhlíð: 12 kvíar með fiski, 1,6 milljón meðalþyngd um 790 g. Gidlufall: 5 kvíar með fiski, 410 þúsund meðalþyngd um 4 kg.
Hvenær er áætluð slátrun úr kvíum? Hvar verður slátrað? Hver tekur við slógi? Hvenær er næsta útsetning seiða áætluð?	X			Slátrun í Gemlufalli hófst í janúar, enn er verið að slátra upp úr þeim kvíum, áætlað er að klára það í október/nóvember. Næsta útsetning er áætluð 2020 við Haukadalsbót.
Er eftirlit með vatnsgæðum í viðtaka?		X		Engar mælingar hafa verið gerðar á sjósýnum.
Meðhöndlun úrgangs og spilliefna í samræmi við	X			Dauðfiskur fer daglega í frysti í landi og er sóttur þaðan af Klofningi 2-3 í viku.

Eftirlit með fiskeldisstöð

Kvíældi

starfsleyfi? Söfnun og förgun dauðfisks?				
Er umhverfisvöktun í samræmi við starfsleyfi?		X		Engar efnamælingar voru framkvæmdar, en engin sýnataka hefur verið framkvæmd síðan frávik var sett vegna vöktunar í eftirliti 2018. Eftirlitsaðili hefur til skoðunar drög að nýrri vöktunaráætlun sem bárust í kjölfar seinasta eftirlits og hefur rekstraraðili einnig skipt um vöktunaraðila.
Skil á niðurstöðum mælinga umhverfisvöktunar.		X		Vöktunarskýrslu og memo vegna sýnatöku við hámarksílmassa Gemlufalls hefur verið skilað. Memo vegna grunnsýnatöku við Eyrarhlíð 5.6.18 hefur verið skilað en vöktunarskýrslu hefur enn ekki verið skilað vegna sýnatökunnar.
Skil á öðrum mælingum sem nefndar eru í starfsleyfi, ef við á.			X	Á ekki við.
Næstu áætluðu mælingar? Hverjar? Er það skv. starfsleyfi? Hver sér um mælingarnar?	X			Hvildarsýnataka við Haukadalsbót og hámarkssýnataka við Eyrarhlíð. Sýnataka verður skv. nýrri vöktunaráætlun fyrirtækis. Akva Plan Niva.

Niðurstöður síðasta eftirlits:

Fimm frávik komu fram við eftirlitið og þrjár ábendingar voru gerðar.

Frávik höfðu komið fram frá þágildandi starfsleyfi, árin 2015 og 2016, vegna staðsetninga kvá við Gemlufall. Við útgáfu þess leyfis sem nú er í gildi, í nóvember 2017, var eldissvæðinu við Gemlufall bætt inn í starfsleyfi rekstraraðila og frávikunum var því lokað.

Samantekt:	Sjókvíældi í Þýrafirði. Eldi er á tveimur staðsetningum af premur sem leyfi er fyrir. Heimilt er að ala allt að 2000 tonn árlega á hverri staðsetningu fyrir sig, en framleiðsla það sem af er ári er um 1000 tonn í Gemlufalli. Haukadalsbót er í hvíld. Nýr fóðurprammi er kominn við Eyrarhlíð en enn er fóðrað með fóðuryssum við Gemlufall.
Annað:	Bæklingur um umhverfismarkmið var kynntur í eftirlitinu. Eva Dögg Jóhannesdóttir var einnig viðstödd eftirlitið.

Undirskrift eftirlitsmanns:

Hulda S. Jónasdóttir

EFTIRLITSSKÝRSLA

Arctic Sea Farm Dýrafirði



Dags eftirlits	4.6.2019	Ábyrgðarmaður eftirlits	Hulda Soffia Jónasdóttir
Fyrirtæki	Arctic Sea Farm	Eftirlitsmaður	
Heimili	Aðalstræti 20	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	700807-0450	Flokkur	Fiskeldi
Fulltrúi fyrirtækis	Steinunn G. Einarsdóttir	ÍSAT nr.	03.21.0
Fulltrúi fyrirtækis	Bernharður Guðmundsson	Staðsetning	65°53,460'N 23°37,710'W

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Engin ný frávik komu fram við eftirlitið en þrjár ábendingar eru gerðar.

Eftirlitsaðili hefur til skoðunar drög að nýrri vöktunaráætlun sem skilað var inn í kjölfar fráviks sem kom fram í eftirliti 2018.

UMFANG EFTIRLITS

Eftirlitið var framkvæmt af Umhverfisstofnun í samræmi við reglugerð 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnir.

Vísað er í meðfylgjandi gátlista.

ÁBENDINGAR

Eftirlitsaðili óskar eftir því að form ársyfirlits verði framvegis í samræmi við veittar leiðbeiningar eftirlitsaðila. Einnig óskar eftirlitsaðili eftir því að vöktunarskýrsla vegna grunnsýnatöku við Eyrarhlíð verði send inn.

Stofnunin vekur einnig athygli á því að skv. starfsleyfi er einungis heimilt að framleiða 2000 tonn árlega á hverri staðsetningu fyrir sig. Miðað við þær framleiðslutölur sem komu fram í eftirliti og lífmassa í kvíum virðist eftirlitsaðila sem að það stefni í að framleiðsla ársins við Gemlufall fari umfram 2000 tonn ef klára á að slátra upp af svæðinu fyrir lok árs.

ANNAÐ

Einnig viðstödd eftirlitið var Eva Dögg Jóhannesdóttir.

Samráðsfundur með fullrúum rekstraraðila, Heilbrigðiseftirlitis Vestfjarða og Umhverfisstofnunar var einnig haldinn á Ísafirði þann 4. júní.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuveendar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 05.07.2019

Hulda S. Jónasdóttir
Hulda Soffia Jónasdóttir